

Alþingi
Erindi nr. P 140/2282
komudagur 7.5.2012

Athugasemd vegna Rammaáætlunar.

Ásgerður Einarsdóttir [gvendolinajons@gmail.com]

Sent: 7. maí 2012 22:54

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Kæri viðtakandi,

Ég, Ásgerður Einarsdóttir, kt. 191065-5499, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðin í Reykjanesfólkvangi séu sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og alþjóðflugavallar þar sem meira en milljón farþegar fara árlega. Alls búa 2/3 íslendinga í minna en 30 mínútna akstri frá Reykjanesfólkvangi og þangað sækja þeir jafnt sem ferðamenn til að njóta einstakrar náttúru. Líkur benda til að hátt í 200.000 manns heimsæki Reykjanesfólkvang árléga. Sérlega alvarleg eru áform um að virkja í Sveifluhálsi en um 130.000 ferðamenn heimsóttu jarðhitasvæðið í Seltúni, Krýsuvík síðasta sumar sem er aðgengilegasta háhitasvæði landsins og Kleifarvatn, sem er einstakt á heimsmælikvarða.

Nú þegar eru 4 jarðvarmavirkjanir á Reykjanesskaga. Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er tímasekkja og í andstöðu við þá miklu hagsmuni sem felast í þróun ferðaþjónustu á Reykjanesskaga.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, eins og smækkuð mynd af Lakagígum. Loks er ljóst að áform um jarðvarmavirkjun í Stóru-Sandvík munu skaða það áhugaverða umhverfi verulega og koma í veg fyrir atvinnuþróun af öðrum toga.

Þá er ljóst að jarðvarmavirkjanir nýta aðeins brot af þeirri orku sem kemur úr iðrum jarðar, sé einvörðungu virkjað til raforkuframleiðslu. Nær er að nota næstu ár til að læra um jarðvarmann, gera nýtingu hans sjálfbæra, finna lausnir á loftmengun, niðurdælingum og affallsvatni. Auk þess sem skammt er að bíða niðurstaða um árangur af djúpborunum á Norðurlandi.

Ég hef mikla trú á framtíðarmöguleikum Reykjanesskagans við að kynna fyrir innlendum, jafnt sem erlendum, dásemdir náttúrunnar og stuðla að jákvæðri og fræðandi upplifun úti í stórbrotni náttúru, sem ég tel vera einstaka á heimsvísu. Þar eru ótal áhugaverð náttúrufríbæri á tiltölulega aðgengilegu svæði, sem eiga bara eftir að verða eftirsóknarverðari og áhugaverðari í augum umheimsins, og geta þannig styrkt atvinnuuppbyggingu innan hins ört vaxandi ferðamálageira, sem færir djúgan skerf til þjóðarbúsins, nú þegar og enn meira í framtíðinni.

Þessa trú mína byggji ég á eigin reynslu sem ferðamanns, sem leiðsögumans innlendra sem erlendra gesta, og byggji auk þess á menntun minni og reynslu sem ferðamálafræðings. Því þykir mér synd ef skammtimahugsun spillir framtíðarmöguleikum Reykjanesskagans okkar allra.

Virðingarfyllt,

Ásgerður Einarsdóttir, ferðamálafræðingur og leiðsögumaður, kt. 191065-5499